

kostað nokkru til í því skyni, og það má telja sann-
að, að áfrýjandi hafi lagt til alt það, sem vantaði í
vélina. Eftir þessum málavöxtum verður eigi fallist
á, að stefndi eigi tilkall til að fá endurgoldinn þann
kostnað, er talinn er við 2. og 3. lið hér að framan,
og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Yfirdómurinn felst á ákvæði bæjarþingsdómsins
um málskostnað. Fyrir yfirdómi þykir málskostnað-
ur eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni á stefndi Tryggvi Gunnarsson
að vera sýkn af kröfum áfrýjanda N. B. Nielsen.
Í gagnsökinni skal áfrýjandi greiða stefnda 100
kr. með 6% ársvöxtum frá 6. nóvbr. 1914 til
borgunardags. Málskostnaður fyrir báðum rétt-
um falli niður.

Dóminum að fullnægja áður 8 vikur séu liðn-
ar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 34/1916.

Páll Jónsson
yfirréttarmálflutningsmaður
gegn
Einari Arnórssyni ráðherra.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Páll Jónsson yfirrétt-málaflutningsmaður á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Einari Arnórssyni ráðherra til refsingar fyrir meiðyrði og skaðabóta fyrir mannorðsrán, lántrausts-spjöll og atvinnuhnekki. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 11. maí þ. á. var málinu vísað frá dómi og áfrýjandi dæmdur í sekt fyrir að hafa í sókn sinni viðhaft orðin »ill vættur og örg« og »calumniator« um stefnda, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða stefnda 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags 3. júní þ. á., og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar og löglegrar meðferðar og dómslagningar í undirrætti eða að stefndi án heimvisunar verði dæmdur samkvæmt frumstefnunni í hegningu og skaðabætur og hin átöldu ummæli dæmd dauð og ómerk svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eða báðum réttum. — Stefndi krefst staðfestingar dómsins og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Í sókn sinni fyrir yfirdómi hefir áfrýjandi krafist þess, að jafnframt og málinu sé heimvísað verði undirdómarinn, settur bæjarfógeti Björn Þórðarson ex officio úrskurðaður til að víkja dómaraæti í málinu, sakir þess að hann er aðstoðarmaður í stjórnarráðinu. Fyrir bæjarþinginu hreyfði áfrýjandi eigi mótmælum gegn dómaranum og eigi heldur í áfrýjunarstefnunni; eftir kröfu hans verður dómaranum

Því eigi hrundið og ex officio þykir eigi heldur vera nein ástæða til þess.

Hin átöldu ummæli eru þessi: »og sérstaklega benda hinni háttvirtu bankastjórn á, framvegis að vera vandari að vali sínu um menn, er hún lætur starfa fyrir sína hönd«. Eiga orð þessi að sögn áfrýjanda, að hafa staðið í bréfi frá stefnda til stjórnar Landsbankans, er hann skrifaði henni út af kæru, sem stjórnarráðinu hafði borist um framkomu áfrýjanda sem málafærslumanns fyrir Landsbankann.

Frávisunarkröfuna hefir stefndi bygt á því, að hin átöldu ummæli, sem hann neitar að hafa viðhaft, hafi átt að vera í embættisbréfi til stjórnar Landsbankans og um embættismál og sé því um embættisverk að ræða, er stefndi hafi framkvæmt innan valdsviðs síns, er almennir dómstólar séu eigi bærir að dæma um.

Áfrýjandi neitar því að bréf þetta hafi eftir formi þess og innihaldi verið embættisbréf, enda sæki hann í máli þessu stefnda persónulega en ekki sem ráðherra. En það, að áfrýjandi beinir kröfum sínum gegn stefnda sjálfum, en eigi gegn honum sem embættismanni, er engin sönnun þess að um embættisbréf geti eigi verið að ræða.

Nefnt bréf hefir eigi verið lagt fram í málinu né afrit af því; skýrir áfrýjandi svo frá, að stefndi hafi bannað bankastjórninni að láta áfrýjanda í té afrit af bréfinu. Þó að vafalaust megi ætla, eftir skýrslum málsins, að bréfið hafi verið embættisbréf, þá verður ekkert um það fullyrt, að eigi hafi alt að einu fyrir það getað verið í því ummæli um

áfrýjanda, er saknæm væru samkvæmt meiðyrðalög-
gjöfni, en með því bréfið er eigi komið fram í mál-
inu, verður ekkert um þetta vitað, og þá eigi held-
ur um það, hvort hin átöldu ummæli, ef þau hefðu
staðið í bréfinu mundu varða við lög. Málið er þannig
eigi nægilega upplýst til þess að dómur verði á það
lagður og verður fyrir þá sök að vísa því frá dómi.

Yfirdómurinn fellst á sektarákvæði bæjarþings-
dómsins og málskostnaðarákvæði, og ber því að stað-
festa þann dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjanda eiga
að greiða stefnda og ákveðst hann 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.
Áfrýjandi Páll Jónsson yfirréttarmálaflutnings-
maður greiði stefnda Einari Arnórssyni ráðherra
20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmd gjöld greiðist innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 7. ágúst 1916.

Nr. 28/1916.

Jensen-Bjerg kaupmaður
gegn
Sigfúsi Péturssyni.